




Flateyjarbréfin vinnubók



Nafn: _____

Bekkur: _____

Breiðafirði 7. júní (bls. 5-12)



Í fyrsta kafla kynnir Ólafía Arndís sig til leiks. Ýmislegt kemur fram um hana, fjölskyldu hennar og hvað hún ætlar að gera. **Hvað veistu um Ólafíu Arndísi og fjölskyldu hennar eftir lesturinn? Nefndu að minnsta kosti þrjú atriði.**

Úr hvaða orðum er orðið *bréfsefni* sett saman?

_____ og _____

Stundum hjálpar að taka orð í sundur til að átta sig á því hvað þau merkja.

Skoðaðu hvað Ólafía Arndís segir um orðið *bréfsefni* á blaðsíðu 5.

Hvað merkir orðið? Flettu orðinu upp á www.snara.is eða í orðabók ef þú þarft.

Satt eða ósatt? Merktu S eða Ó á eftir fullyrðingunni.

- a) Lélegar einkunnir Ólafíu Arndísar voru skólanum að kenna. _____
- b) Lélegar einkunnir Ólafíu Arndísar voru henni sjálfri að kenna. _____
- c) Ólafíu Arndísi finnst tilhugsunin um að verja sumrinu í Flatey niðurdrepanði. _____
- d) Ólafíu Arndísi finnst tilhugsunin um að verja sumrinu í Flatey viðbjóðsleg. _____
- e) Ólafíu Arndísi finnst tilhugsunin um að verja sumrinu í Flatey hörmuleg. _____
- f) Bréfsefni er pappír til að skrifa á og umslag. _____
- g) Ólafía Arndís er metnaðarfull og vill standa sig vel í skólanum. _____

Búðu til krossglímu úr orðinu FLATEY. Orðin sem þú skrifar lárétt eiga að tengjast Flatey eða einhverju úr fyrsta kafla Flateyjarbréfanna.



_____ F _____

_____ L _____

_____ A _____

_____ T _____

_____ E _____

_____ Y _____

Hvernig nær Ólafía Arndís að uppfylla safnfræðslu 5. bekkjar?

Merktu við eitt svar.

- a) Með því að vera fyrirsæta á fjölskyldumynd.
- b) Með því að skoða risastóra kókdós á leiðinni.
- c) Með því að reikna út hvað leiðin er löng frá Reykjavík til Stykkishólms.

Af hverju heldur þú að mamma Ólafíu Arndísar vilji ekki að hún kalli Arnfríði *kennslukonu*? Merktu við besta svarið. Ef til vill passa fleiri en eitt svar.

- a) Henni þykir það óvirðulegt.
- b) Henni þykir það dónalegt.
- c) Henni þykir það kjánalegt.
- d) Henni þykir það gamaldags.



Flatey í rokrassi, 8. júní (bls. 13-19)




Sum orðin í kassanum passa við Flatey *eins og eyjan kemur Ólafíu Arndísi fyrir sjónir* í upphafi kaflans. Önnur passa við Kristján bróður hennar *eins og hann kemur Ólafíu Arndísi fyrir sjónir*. Svo eru þarna orð sem koma málinu ekkert við.

Finndu orð sem passa og skrifaðu við örvarnar.

Blokkir
Einsleit
Forvitinn
Frekur
Gjafmildur
Grenjuskjóða
Klöguskjóða
Leiðinlegur
Lítill
Litrík
Skemmtilegur
Sker
Stór
Strjálbýli
Sætur
Þéttbýli
Timburhús



Kristjáni þykir Steindór vera mjög spennandi maður. **Teiknaðu mynd af Steindóri á hákarlaveiðum eins og hann kemur Kristjáni fyrir sjónir.**





Hvað merkir orðatiltækið að eitthvað *komi manni fyrir sjónir*?
Merktu við eitt svar.

- a) Eins og maður upplifir eitthvað.
- b) Eins og maður sér eitthvað.
- c) Eins og manni finnst eitthvað.
- d) Allir þessir möguleikar eru réttir.

Samheiti eru orð sem hafa sömu merkingu. **Dæmi:** vondur - slæmur

Andheiti eru orð sem hafa gagnstæða merkingu. **Dæmi:** vondur - góður

Skrifaðu andheiti þessara orða úr kaflanum á línurnar. Athugaðu að setja bara eitt orð á hverja línu.

ganga _____

borg _____

gamaldags _____

ekkert _____

ískalt _____

grenja _____

sumar _____

Skrifaðu samheiti orðanna á línurnar

labba _____

grenja _____

spýtan _____

vansæl _____

böggaði _____

næs _____

fattaði _____

Veldu ~~tvö nafnorð~~ úr kaflanum og fallbeygðu þau í eintölu og fleirtölu með og án greinis.



Et. án greinis

Ft. án greinis

Nf. _____

Þf. _____

Þgf. _____

Ef. _____

Et. með greini

Ft. með greini

Nf. _____

Þf. _____

Þgf. _____

Ef. _____

Et. án greinis

Ft. án greinis

Nf. _____

Þf. _____

Þgf. _____

Ef. _____

Et. með greini

Ft. með greini

Nf. _____

Þf. _____

Þgf. _____

Ef. _____

Taktu nú önnur tvö orð **úr kaflaheitinu** og fallbeygðu þau á sama hátt og áður nema nú áttu að velja sitt hvort lýsingarorðið með þeim og fallbeygja þau líka. (dæmi: hér er grátt skegg um grátt skegg... og hér eru gráu skeggin...)



Et. án greinis

Ft. án greinis

Nf.	_____	_____
þf.	_____	_____
þgf.	_____	_____
Ef.	_____	_____

Et. með greini

Ft. með greini

Nf.	_____	_____
þf.	_____	_____
þgf.	_____	_____
Ef.	_____	_____

Et. án greinis

Ft. án greinis

Nf.	_____	_____
þf.	_____	_____
þgf.	_____	_____
Ef.	_____	_____

Et. með greini

Ft. með greini

Nf.	_____	_____
þf.	_____	_____
þgf.	_____	_____
Ef.	_____	_____




Orðið „atvinna“ merkir *starf* eða *vinna*.

Úr hvaða tveimur orðum er orðið atvinna samsett?

_____ og _____.

Búðu til eins mörg orð og þú getur sem innihalda „vinnu“



Hvaða atvinnu fær Ólafía Arndís? _____

Sara Björk Gunnarsdóttir er atvinnumaður.

Farðu á netið og aflaðu þér upplýsinga um Söru Björk.

Við hvað starfar hún?

Hvar starfar hún?

Hvaða stöðu gegnir hún í sínu starfi?

Finndu mynd af Söru Björk.

Eyðingju, 9. júní. (bls. 20-26)



Af hverju leiðist Ólafíu Arndísi svona í upphafi kaflans? _____

Fylltu í eyðurnar þannig að málsgreinin verði rétt.

Kristján er ofsalega _____ í Flatey. Hann fer til dæmis niður í _____ og safnar _____.

Hvernig gekk Ólafíu að passa Róbert litla? _____

Af hverju heldur Ólafía Arndís að Hekla og Sigrún hljóti að vera eitthvað skrítnar?

Franski ferðamaðurinn reiddist þabba Ólafíu vegna þess að...

- a) hann fékk vont kaffi.
- b) hann hélt að Ólafía Arndís væri þræll.
- c) hann hélt að Ólafía Arndís fengi ekkert að borða.



Hvað var merkilegt við veðrið þennan dag? Merktu við tvö svör.

- a) Það var logn.
- b) Það var stormur.
- c) Það var rok.
- d) Það var hægviðri.

Hvert er samheiti orðsins logn? _____

Hver er andheiti orðsins logn? _____

Hvert er samheiti orðsins rok? _____

Á íslensku eru til ótal orð yfir veður. Til dæmis eiga eftirfarandi orð öll við um óveður: Drif, fárviðri, hrakviðri, hroði, hrök, hvassviðri, illveður, illviðri, ókjör, rok, slagveður, slarkveður, stormur og vonskuveður.

Reyndu að segja:

„Hnoðri í norðri
verður að veðri
þótt síðar verði“

þrisvar sinnum í röð eins hratt og þú getur.

Fræy, 12. júní (bls. 27-35)



Hvað fannst Ólafíu Arndísi svona slæmt við upphafið á deginum? _____

Að tjónka við einhvern merkir meðal annars *að fá einhvern til að gera eins og maður vill*. Hvers vegna heldur þú að Kristjáni hafi gengið betur en Ólafíu Arndísi að tjónka við Róbert? _____

Gerðu krossglímu yfir það sem hægt er að gera í fjöru.

Þú getur notað orð af bls. 30 í bókinni.

_____ F _____

_____ J _____

_____ A _____

_____ R _____

_____ A _____

Af hverju heimtar Ólafía Arndís að þau fari í göngutúr? _____




að rekast: að berast, að færast
viður: tré
bútur: stubbur

Hvað merkir orðið *rekaviðarbútur*? _____

Getur þú búið til a.m.k fimm orð úr bókstöfunum í orðinu *rekaviðarbútur*?

Þó Ólafía Arndís haldi því fram að hún hafi ekkert endurmenntað sig þennan dag lærði hún hins vegar ýmislegt um kríur. **Hvað veist þú um kríur eftir lestur kaflans?**





Gerðu teiknimyndasögu úr efni kaflans.

Þú mátt líka bæta við atburðum sem þér detta í hug.

Flatey, 15. júní (bls. 36-42)



Ólafía Arndís spyr Arnfríði hvernig hún geti kennt það sama ár eftir ár.

Spurðu kennarann þinn að því sama og skrifaðu svarið niður. _____

Af hverju stókar Ólafía allt úr stærðfræðibókinni? Merktu við eitt svar.

- a) Vegna þess að vinnubrögð hennar höfðu verið slæm.
- b) Vegna þess að hún hataði stærðfræði.
- c) Vegna þess að hún kunni ekki stærðfræði.

Fylltu í eyðurnar þannig að málsgreinarnar verði réttar.

„Hekla og Sigrún eru bara rosalega skemmtilegar. Hekla er alltaf að segja

_____, sumu svo fyndna að ég var næstum búin að

_____ í mig. Sigrún veit ótrúlega margt um _____

og _____ og það undarlega er að dýr og fuglar virðast vilja vera

_____ henni.“



Teiknaðu mynd af Heklu og Sigrúnu.

Pú getur stuðst við lýsinguna á bls. 23 þegar þú teiknar.

Tengdu saman orð og rétta merkingu.

Varp

Mjó pípa sem flytur blóð um líkamann.

Æði

Fugl af andaætt.

Æð

Afbragð. Eitthvað stórkostlegt.

Æður

Staður þar sem fuglar verpa.

Hver er Skírnir? _____

Lykilorð - endursögn



Þegar maður endursegir sögu þá segir maður bara frá aðalatriðunum.

Til að átta sig á aðalatriðum sögu er gott að búa til lista yfir **lykilorð**.
Það eru orð sem maður má ekki sleppa úr frásögninni.



Endursegðu söguna um Auði. Notaðu **lykilorðin** í kassanum hér að neðan.

Stelpan → grallari → árabátur → viti → vont veður → týnd → nisti → steinn.

Flatey, 17. júní (bls. 43-51)



Hvers vegna er 17. júní þjóðhátíðardagur Íslendinga? Merktu við eitt svar.

- a) Þá er yfirleitt gott veður.
- b) Þá á forsetinn afmæli.
- c) Það er mikilvægur dagur í sögu Íslands.

Satt eða ósatt. Settu S eða Ó á eftir fullyrðingunum.

Mamma Ólafíu Arndísar tekur daginn snemma á 17. júní. _____

Mamma Ólafíu Arndísar dregur fána að húni. _____

Kristján heitir í höfuðið á fyrrum forseta Íslands. _____

Pabbi Ólafíu Arndísar heitir Kristján. _____

Peysuföt eru spariföt gamalla tíma. _____

Ólafíu Arndísi leiðist á Árbæjarsafni. _____

Lýstu því hvernig þú heldur upp á 17. Júní.

Teiknaðu mynd af mömmu Ólafíu Arndísar í peysufötum eins og henni er lýst á bls. 44.

Hver er raunverulega ástæða þess að Ólafía Arndís gefur Kristjáni fótbolta í afmælisgjöf?



Var hegðun Ólafíu Arndísar á afmælisdegi Kristjáns **góð** eða **slæm**?

Rökstyddu svarið.


Hegðun Ólafíu Arndísar var _____ vegna þess að _____

Flokkaðu orðin í síðustu málsgreininni á bls. 51 í fallorð (orð sem fallbeygjast), sagnorð (orð sem hægt er að setja í nt. og þt.) og smáorð (önnur orð).

Fallorð	Sagnorð	Smáorð



Nú átt þú að nota bókstafina úr orðinu FLATEYJARBRÉFIN og búa til ný orð úr þeim. Þú átt að búa til eins mörg orð og þú getur og mátt nota stafina eins oft og þú vilt. Skrifðu orðin þín hér fyrir neðan.



Búðu til fleiri samsett orð þar sem annað orðið er **peysa** eða **föt**.
(Dæmi: lopapeysa, fatabúð)

Ævintýraey, 25. júní (bls. 52-61)



Af hverju er liðin svona langur tími frá síðasta bréfi Ólafíu Arndísar til

Arnfríðar? Merktu við tvö atriði.

- a) Hún er að fara í tveggja vikna gönguferðalag.
- b) Það hefur verið svo rosalega gaman undanfarið.
- c) Allir eru mjög vinalegir við hana.
- d) Það er svo gott veður.
- e) Hún hefur haft mikið að gera.

Hvað hefur breyst hjá Ólafíu Arndísi sem gerir það að verkum að henni líkar nú miklu betur dvölin í Flatey? Þú finnur ef til vill vísbendingu um svarið í kassanum hér að neðan ef þú raðar stöfunum rétt saman.

á – ð. – J – v – k – æ

Á bls. 54-55 segir Ólafía Arndís frá því hvernig stelpurnar eyða dögnum.

Nefndu að minnsta kosti þrjú dæmi um hvað þær gera sér til dundurs.

Á Jónsmessunni veltir mamma Ólafíu Arndísar sér upp úr dögginni



vegna þess að...

- a) Hún verður að þvo sér og enginn sturta er í húsinu.
- b) Hún gekk í svefni.
- c) Hún telur að það boði gæfu.

Orðið dökk merkir bleyta (á grasi) þegar gufa í loftinu þéttist.

Endursegðu frásögnina af ferð stelpnanna í kirkjugarðinn (bls. 57-60) með því að

nota aðeins “lykilorð” úr textanum. Þú þarft að nota a.m.k. 10 lykilorð: (dæmi um svona

endursögn úr Gillitrutt gæti verið svona: skessa, húsmóðir, leti, vefnaður, bóndi, áhyggjur, sumardagurinn fyrsti, nafn).

_____ → _____ → _____ → _____ →
_____ → _____ → _____ → _____ →
_____ → _____ → _____ → _____

Ólafía Arndís bregður fyrir sig þýsku og kveður Arnfríði með orðunum “Auf

Wiedersehen.” **Getur þú parað saman þessi kveðjuorð við rétt tungumál?**

Bættu svo við einni kveðju að eigin vali ef þú getur.

Auf wiedersehen

Good bye

Farvel

Adios

Do widzenia

Arrivaderci

spænska

þýska

danska

enska


pólska

ítalska

Segðu frá eftirminnilegu ferðalagi.



**Ef þú hefði sent póstkort út ferðalaginu, á hvern væri það stílað?
Hvað stæði í því?**

	 <hr/> <hr/> <hr/> <hr/>
--	--

Flatey, 1. júlí (bls. 62-71)



Nú er gaman hjá Ólafíu Arndísi í Flatey vegna þess að það er svo margt að gera.

Nefndu tvennt sem hún hefur fyrir stafni. _____

Hvað er æðarbóndi? Merktu við eitt svar.

- a) Bóndi sem er svo grannur að það sést í æðar hans.
- b) Bóndi sem býr til mat úr æðum kinda.
- c) Bóndi sem safnar æðardúni.
- d) Bóndi sem er algjört æði.

Satt eða ósatt. Settu s eða ó á eftir fullyrðingunum.

Æðardúnn er meðal annars notaður í sængur. _____

Pabbi Ólafíu Arndísar er hreykinn af henni. _____

Ólafía Arndís er hjálpsöm. _____


Ólafíu Arndísi finnst Skírnir ömurlegur. _____

Ólafía Arndís drap fugl. _____

Teiknaðu mynd byggða á frásögn Ólafíu Arndísar af leitunum.

dvalið í Flatey?





Búðu til fleiri samsett orð þar sem annað orðið er *hlátur* eða *kast*.

Kennaralegar spurningar eru svona spurningar sem kennarar spyrja gjarnan. Þær byrja oft á: *Af hverju...?* eða *Hvers vegna...?*

Mundu eftir spurningamerkinu ?

Flatey, í júlí (bls. 72-89)



Semdu 10 kennaralegar spurningar úr þessum blaðsíðum og láttu einn bekkjarfélagi þinn svara. Farðu svo yfir svörin og gefðu einkunn (10 svör rétt = 10).

Athugaðu að þú þarft líka að svara 10 spurningum frá einhverjum öðrum.

1. _____

Svar: _____

2. _____

Svar: _____

3. _____

Svar: _____

4. _____

Svar: _____

5. _____

Svar: _____

6. _____

Svar: _____

7. _____

Svar: _____



8. _____

Svar: _____

9. _____

Svar: _____

10. _____

Svar: _____

Búðu til demantsljóð úr orðum úr kaflanum.



Dæmi
um demantsljóð:

*Nafnorð
lýsingarorð, lýsingarorð
sagnorð, sagnorð, sagnorð
nafnorð, nafnorð, nafnorð, nafnorð
sagnorð, sagnorð, sagnorð
lýsingarorð, lýsingarorð
nafnorð*

*Nagli
gljáandi, grár
smíða, laga, festa
verkfæri, spýtur, hamar, kofi
hamra, lemja, slá
mjór, boginn
nagli*

Flatey, í júlí (bls. 90-120)



Úr þessum blaðsíðum átt þú sjálf/ur að búa til verkefni
sem þér finnst henta efninu.

Það getur verið að *semja ljóð*, skrifa sögu, gera glærusýningu, eyðufyllingarverkefni, endursögn, *finna ákveðin orð í textanum og skrifa þau upp*, verkefni þar sem þarf að nota netið eða eitthvað annað sem þér dettur í hug. Þú átt líka að leysa verkefnið.

Skemmtu þér vel!

